

Reykjavík, 4. október, 2021

## Aðalfundur Foreldraráðs MS

Aðalfundur Foreldraráðs MS var haldinn mánudaginn 4. Október, 2021 í matsal skólans. Á fundinn mættu 18 foreldrar að stjórn meðtalinni.

Dagskrá aðalfundar:

1. Heiðlóa Ásvaldsdóttir kosin fundarstjóri og fundarritari.
2. Skýrsla stjórnar fyrir skólaárið 2020-2021 lögð fram.
  - a. Tveir formlegir fundir voru haldnir þetta skólaár, að öðru leiti fór samráð fram á Facebook síðu stjórnar ásamt tölvupóstssamskiptum.
  - b. Foreldravakt: Vegna COVID-19 ástands í þjóðfélaginu féllu öll fjögur skólaböllin niður. Foreldravakt var á söngvakeppni skólans sem haldin var í Gamla bíói á vormánuðum. Fyrsta skólaball vetrarins 2021-2022 fór fram í Gamla bíói 29. September. Haldinn var fundur með miðhóp og gæsluaðilum fyrir ballið. Galvaskur hópur 18 foreldra sá um foreldraröltið sem gekk mjög vel. Mikil ánægja stjórnar með þáttöku foreldra í röltinu.
  - c. Foreldraráð er með áheyrnarfulltrúa í skólanefnd skólans sem sat þá fundi. Skólanefndarfundir voru 5 á síðasta skólaári, en þeir voru fleiri en almennt þ.s. skólanefnd þurfti að taka afstöðu til umsókna um starf nýs rektors.
  - d. Tveir fulltrúar foreldra úr stjórn foreldraráðs sitja í Sjálfsmatshópi MS. Hist er 4-5 sinnum yfir skólaárið. Er hluti af innra mati skólans á árangri og gæðum skólastarfs.
  - e. Fundir foreldraráðs með skólastjórnendum eru nokkrum sinnum yfir árið
  - f. Í upphafi skólaárs er fulltrúa úr foreldraráði boðið á starfsmannafund skólans.
  - g. Haustfundur með foreldrum nýnema er haldinn í upphafi hvers skólaárs og fulltrúum úr stjórn foreldraráðs boðið að kynna starf ráðsins.
  - h. 500 kr. valgreiðsla í foreldraráð er innheimt með innritunargjöldum. Nýtist í fyrirlestra fyrir börn og foreldra.
3. Gjaldkeri leggur fram ársreikninga og eru þeir sýnilegir hjá gjaldkera. Staða á reikningi er góð en 604.533 kr. eru á reikningnum áður en innheimt valgreiðsla kemur inn. En ljóst er að markmið Foreldraráðs er ekki að eiga peninga á reikningnum heldur nýta þá til fulls hvert skólaár. En COVID olli því að lítið félagsstarf var hægt að styrkja.
4. Umræður um skýrslu stjórnar, ársreikning og afgreiðslu hans. Engar athugasemdir komu.
5. Kosning í stjórn félagsins: Úr stjórn ganga Donna Kristjana Peters, Heiðlóa Ásvaldsdóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir, meðstjórnandi og Elva Björk Reynisdóttir

sem allar voru meðstjórnendur. Áfram sitja Sigríður H. Theódórsdóttir, formaður og Auður Geirsdóttir, gjaldkeri.

Framboð og kosning nýrra stjórnarmeðlima á aðalfundi gekk vel og voru Hallur Þór Sigurðsson, Sigrún Birna Bjarnadóttir, Már Erlingsson, Halla Gunnarsdóttir, Guðrún Karlsdóttir og varamaður Laufey Ósk Þórðardóttir. Stjórn mun skipta með sér störfum á fyrsta fundi hennar.

6. Kosning endurskoðenda: Allir endurskoðendur hafa sagt sig lausa frá störfum og því voru tveir nýjir endurskoðendur kosnir. Vigdís Marteinsdóttir og Guðjón Kárasón.
7. Önnur mál.
  - a. Edrúpottur: Foreldraráð byrjaði að styðja edrúpottinn 2020 á árs hátíðinni 3 x kr. 10.000 inneignarkort. Edrúpottur á nýnemaball 2021 var studdur af foreldraráði með 5 x 10.000 kr inneignarkortum. Nöfn vinningshafa eru birt á heimasíðu skólans, í fréttabréfi og sendur er póstur til þeirra sem unnu. En ákveðið vandamál að það þykir ekki nógu "kúl" að vera dreginn út. Stefnt að því að gera meira úr þessu.
  - b. Fyrirlestrar fyrir nemendur: Óskað var eftir 5 tillögum frá nemendaráði um fyrirlestra og uppistand á síðasta skólaári. Í samráði við félagsmálastjóra, námsráðgjafa og nemendafélag – möguleiki á að styrkja fyrirlestra sem þeir myndu hafa áhuga á að fá inn í skólann. Hugmyndir frá foreldrum væru vel þegar.

Fundi slitið og Hólmfríður Kría Halldórsdóttir, félagsmálastjóri MS tekur til máls og greinir frá starfi sínu.

Hún er tengiliður milli yfirstjórnar skólans og stjórnar nemendaráðs. Ljóst er að krakkarnir þurfa stuðning við skipulag og framkvæmd félagsstarfs. M.a. með þessari ráðningu er ljóst að innan skólans er vilji til að stuðla að og styrkja félagslíf nemenda. Ætlunin er að reyna að brydda upp á ýmsum nýjungum en Kría segir krakkana mjög íhaldssama og ekki endinlega tilbúnir í miklar nýjungar. Ætlunin er t.d. að prófa "opið hús" eða fimmtudagsopnun ásamt ýmsu öðru sem komið hefur frá krökkunum.

Áhugaverðar upplýsingar og umræður í kjölfarið.

F.h. stjórnar:

Heiðlóa Ásvaldsdóttir, fráfarandi meðstjórnandi og fundarritari.